

Fundargerð foreldrafélags leikskólans Leikskála

Fundur haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2018 kl. 20.00.

Mættir voru: Aníta, Ásta Rós, Katrín Drífa, Hanna María, Krístrún Líney, Birna Hlín og Auður Ösp.

1. Hluti af gjöfum til leikskólans komnar. Afgangur kemur eftir 5-6 vikur. Afhenda gjöfina þegar allt er komið.
2. Kökubasar haldinn 14. febrúar nk. Fá meira af marengstertum og brauðtertum. Setja inn á facebook síður deildanna þegar listarnir eru settir upp og segja láta vita að tertur og brauðtertur seljast betur.
3. Uppskriftabók: Lísa er búin að senda uppskriftir í bókina. Eru í word skjölum. Hefja sölu á bókinni í haust og minna reglulega á hana eins og á myndlistarsýningunni.
4. Danskennsla: Kristín kom með ósk um að foreldrafélagið greiði fyrir danskennslu fyrir tvo elstu árgangana. Samþykkt.
5. Skipulag páskabingós rætt á næsta fundi. Þurfum að fá sal til að halda bingóið.
6. Umræða um hvort foreldrafélagið ætti að bjóða foreldrum upp á fyrirlestur eða námskeið. Hafa augun opin fyrir áhugaverðu efni.
7. Næsti fundur áætlaður 28. febrúar kl. 20.

Fundi slitið kl. 21:39.